

Miðvikudaginn 15. janúar 1997.

Nr. 18/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Jóhann Hauksson deildarstjóri)

gegn

Rúnari Kolbeini Óskarssyni

(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði ekki markaður lengri tími en til 22. janúar 1997.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 10. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Rúnari Kolbeini Óskarssyni, kt. 250757-4179, með lögheimili í Portúgal, en dvalarstað að Háaleitisbraut 34 og Laugavegi 60, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 7. febrúar 1997 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 og 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn lögreglunnar í tilefni handtöku tveggja Hollendinga 11. desember sl., þar sem hald var lagt á um 10 kg af hassi, leiddi til þess, að húsleit var gerð á heimili systur kærða, Steinunnar Óskar Baptiste, en kærði hafði dvalist þar á heimilinu um nokkurt skeið. Við húsleitina fundust samtals rúmlega 8 kg af hassi auk nokkurs magns af amfetamíni og öðrum fíkniefnum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði játað að hafa haft vörslur rúmlega 8 kg af hassi, er í íbúðinni voru, en segir, að Albart Jan van Houten hafi átt efnið. Þá hefur hann játað að hafa tekið við 6 kg af hassi af Albart skömmu fyrir handtökuna 12. desember sl.

Lögreglan vísar til þess, að til rannsóknar sé umfangsmikið fíkniefnamál. Hald hafi verið lagt á meira en 20 kg af fíkniefnum, margir aðilar tengist málinu og rannsókninni hvergi nærri lokið. Þá sé brot Rúnars þess eðlis, að varði við 173. gr. a og b almennra hegningarlaga.

Verjandi kærða mótmælir framlengingu gæsluvarðhalds. Hann bendir á, að einungis hafi verið tekin ein skýrsla af kærða þær fjórar vikur, sem hann hafi sætt gæsluvarðhaldi. Þá kveðst kærði hafa skýrt frá sínum þætti í málinu og engu sé við það að bæta.

Niðurstaða.

Í úrskurði 13. desember sl. var vísað til þess, að á dvalarstað kærða hefði fundist umtalsvert magn fíkniefna, sem hann játaði, að hefðu verið í sínum vörslum. Sagði í úrskurði, að brýnt tilefni væri til nákvæmrar rannsóknar. Þeirri rannsókn er sýnilega ekki lokið, og eðlilega felst í henni annað og meira en yfirheyrsla kærða sjálfs. Nauðsynlegt er vegna rannsóknarinnar að meina kærða að hafa samband við aðra grunaða í málinu og spilla hugsanlegum sakargögnum. Með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður gæsluvarðhaldsvist kærða framlengd, svo sem krafist er.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar 1997 kl. 16.00.
